

23
18. apríl

SAMÞYKKT

um

einkasíma í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Símar þeir, sem samþykkt þessi nær til, skulu lagðir frá landssímastöðvunum í Reykjahlíð og á Skútustöðum, þannig:

1. Frá Reykjahlíð um Grímstaði að Vindbelg með hliðarlínu um Ytrineslönd að Syðrineslöndum.
2. Frá Reykjahlíð um Voga, Geiteyjarströnd, Höfða, Kálfaströnd, Garð að Skútustöðum með hliðarálmum að Grænavatni.
3. Frá Skútustöðum um Litluströnd að Baldursheimi með hliðarlínu að Gautlöndum og á heiðarbæina.
4. Frá Skútustöðum um Álftagerði, Arnarvatn að Helluvaði með hliðarálmum að Haganesi, Geirastöðum og Hofstöðum.

Þeir bæir sem gjaldskyldir verða til einkasímans, án þess að hann sé lagður þar inn þegar í stað, eiga rétt á innan hæfilegs tíma, að fá símann lagðan þar inn, með sömu kjörum og aðrir símanotendur fengu í upphafi.

2. gr.

Símalínur þær, sem fyrsta grein ræðir um, skulu lagðar svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símans skal vera eftir fyrirsögn landsímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu og viðhald á símatækjum sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgðaaðgerðir á línunum, annast hver húandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir, innan takmarka ábúðarjarðar sinnar.

Annað viðhald símalínanna kosta notendur einkasímakerfisins í félagi, í sama hlutfalli og aðalkostnaði símalagningarinnar er jafnað niður, samkvæmt 4. gr. c. Til að standast þann kostnað skal stofna fyrningasjóð, með árlegu framlagi, er ekki má nema minnu að samantöldu, en svarar $\frac{1}{2}\%$ af stofnkostnaði línanna.

Framlag þetta má hækka allt að 3% fyrir eitt ár í senn, með samþykki aðalfundar einkasímafélagsins.

4. gr.

Sá kostnaður við að koma einkasímakerfinu á fót, sem ekki fæst greiddur af landssímanum, skiptist á eftirtalda liðu, er greiðist þannig af símanotendum:

- a. Flutningskostnaður efnis frá skipi, út á línusvæðið greiðist af sveitarsjóði Skútustaðahrepps.

b. Símatækin á einstaka bæi kosta símanotendur hver fyrir sinn bæ.

23

Nú verða ábúenda skipti á jörð, og er þá viðtakanda skylt að taka við símatækinu og með þeim kvöðum sem á því kunna þá að hvíla. 18. apríl

c. Annar kostnaður við símalagninguna, svo og viðhald símalínanna, samkv. 3. gr. greiðist að $\frac{1}{3}$ af eignum jarða á svæðinu eftir dýrleika lands; annar þriðjungur greiðist af öllu útsvarsskyldu fólki á einkasímasvæðinu eftir efn- um og ástæðum og hinn þriðji þriðjungur að jafnri tiltölu, af öllu heimilis- föstufólki á svæðinu, á aldrinum frá 18—65 ára. Þó þannig, að karlmenn greiði tvöfalt gjald við kvenfólk.

5. gr.

Allir gjaldendur til símakerfisins samkvæmt b- og c-lið 4. gr. ganga í félag er nefnist „Einkasímafélag Mývetninga“.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á þeim fundi er gengið verður frá samþykkt þessari til staðfestingar, skal kosin 3ja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til 3ja ára, og gengur einn maður úr henni árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi reikninga, úrskurðaðir reikningar félagsins er stjórnin hefir samið fyrir næsta ár á undan, og aðrar þær ákvarðanir teknar, sem starfsemi félagsins varða.

Um lögmati aðalfundar, atkvæðisrétt á fundinum o. s. frv. fer eftir ákvæð- um laga um einkasíma í sveitum.

6. gr.

Stjórn félagsins er rétt og skylt, ef þess er krafizt, samkv. 7. gr. laga um einkasíma í sveitum, að taka lán er félagsmenn ábyrgjast sameiginlega, til greiðslu kostnaðar þess er 4. gr. b.- og c.-liður ræðir um. Árgjald félagsmanna til afborgunar láni þessu skulu miðast við það, að lánsupphæðin endurgreiðist á hæfilegum tíma, eftir lánskjörunum.

Félagsstjórnin sér um undirbúning og framkvæmd símalagningarinnar, að því leyti sem hún er ekki í höndum landssímastjórnar; hún annast allt reikn- ingshald og fjárreiður félagsins, þar á meðal niðurjöfnun og innheimtu árgjalda félagsmanna, bæði til einkasíma félagsins og landssímans.

Reikninga félagsins endurskoðaða skal stjórnin leggja fyrir aðalfund til úrskurðar og senda síðan afrit af þeim til landsímastjóra.

Félagsstjórninni ber að hafa strangt eftirlit með að starfræksla símakerf- isins fari vel fram og að tafarlaust sé gert við skemmdir á símalínunum. Hún skal og gangast fyrir því, að það viðhald símalínanna, er hvílir á félaginu sameigin- lega, komist í framkvæmd, og skal um allar viðgerðir hlíta fyrir mælum lands- símastjóra.

7. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á- byrgjast starfrækslu einkasímans, eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

23

18. apríl

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð Skútustaðahrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. apríl 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

24

2. maí

REGLUGERÐ

um

grenjaleitir og refaveiðar í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn og umsjón með grenjaleitum og refaeyðing í sýslunni, lögum samkvæmt.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Þyki fullvist, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum einhvers hrepps, eða þar hefir ekki fundizt dýr síðustu árin, getur hreppurinn fengið undanþágu frá grenjaleitum. Undanþágan verður þó því aðeins veitt, að sótt hafi verið um hana til sýslunefndar á aðalfundi hennar, og gildir hún aðeins um eitt ár.

3. gr.

Hvarvetna þar, er tveir eða fleiri hreppar eiga saman grenjaleitarsvæði, sem þeir skipta ekki með sér, skal kosin refaveiðanefnd á fundi upprekstrarfélags eða sameiginlegum fjallskilafundi til 3ja ára, og fari saman kjörtími nefndarinnar og hreppsnefnda. Tölu nefndarmanna ákveður fundur sá, er kýs þá. Nefndarkosninguna ber að tilkynna oddvita sýslunefndar.